

12. febrúar 2016  
1601245

Nefndasvið Alþingi  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um þskj. 645, 436. mál – tillögu til þingsályktunar um fullgildingu stofnsamnings um Innviðafjárfestingabanka Asíu

Með tölvupósti dags. 29. janúar 2016 óskaði utanríkismálanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um þingsályktunartillögu um fullgildingu stofnsamnings um Innviðafjárfestingabanka Asíu.

Hlutverk Innviðafjárfestingarbanka Asíu (e. Asian Infrastructure Investment Bank, AIIB) er að stuðla að uppbyggingu innviða í Asíu og Kyrrahafsríkjum, einkum hinum fátækari löndum. Um nauðsyn aukinnar fjárfestingar í innviðum hverskonar í mörgum þessum löndum verður ekki deilt. Hagvöxtur til framtíðar kallar á markvissa fjárfestingu í grunngerð svo sem samgöngum og orkukerfum ekki síður en fjárfestingu í vöruframleiðslu og þjónustu. Þótt G7-ríkin hafi í upphafi ekki gert ráð fyrir að vera þátttakendur í stofnun Innviðafjárfestingabankans, m.a. vegna efasemda um fullnægjandi gegnsæi í stjórnháttum og tillit til umhverfismála, hafa nú öll aðildarríki OECD að frátöldum Bandaríkjunum og Japan ákveðið að taka þátt í stofnun bankans.

Aðild Íslands að AIIB er að hluta til utanríkispólitískt mál og því ekki á sérfræðisviði Seðlabankans að leggja mat á þau rök sem eru fyrir slíkri aðild. Ísland er stofnaðili að Alþjóðabankanum, Norræna fjárfestingarbankanum, Endurreisnar- og þróunarbankanum og fleiri fjármálastofnunum sem er ætlað að stuðla að uppbyggingu og þróun. Þátttaka í þessum stofnunum hefur verið mikilvægur þáttur í samstarfi landsins á alþjóðavettvangi í hópi sjálfstæðra þjóða. Fyrr á árum naut Ísland góðs af fjármögnun frá Alþjóðabankanum. Ísland tók ekki þátt í stofnun þróunarbanka Afríku og Asíu á sjöunda áratugnum, en á þeim árum var landið skemmra komið í efnahagsþróun og voru viðskipti Íslands bundin við mun takmarkaðri hóp landa en nú er raunin.

Með stofnaðild að Innviðafjárfestingarbanka Asíu hefur Ísland kost á því að taka þátt í stofnun sem ætlað er að verða afl til framfara í Asíu og Kyrrahafi. Þótt hlutur landsins sé lítill hlutfallslega fær rödd Íslands að heyrast innan kjördæmis Evrópulanda, landa sem Ísland hefur átt samstarf við á alþjóðlegum vettvangi um áratuga skeið. Á þeim vettvangi geta íslensk stjórnvöld tekið þátt í mótun fjárfestingarstefnu bankans í samstarfi við nágrannaþjóðir og stuðlað að nauðsynlegri stjórnfestu. Athafnasvæði bankans nær til fámennra eyríkja á Kyrrahafi og Íslendingar kunna að hafa fram að færa reynslu sem gæti nýst við uppbygginu slíkra ríkja m.a. í sjávarútvegi.

Stofnaðild að Innviðafjárfestingarbanka Asíu gæti eflt viðskiptalega stöðu landsins í Asíu og Kyrrahafi, en þungi alþjóðaviðskipta hefur sífellt meira færst á þennan heimshluta. Nefna má að íslenskum fyrirtækjum hefur á undanförunum árum gefist kostur á að taka þátt í verkefnum með Alþjóðabankanum á sviði sjávarútvegs og orkumála. Líklegt er að sú gæti einnig orðið raunin á vettvangi AIIB og því gagnlegt að íslensk stjórnvöld hafi aðgang að upplýsingum um slík verkefni með aðild að stjórn bankans.

Seðlabankinn mun ekki leggja mat á fjárhagslega áhættu né fjárhæð á fyrirhuguðum hlut landsins í Innviðafjárfestingarbanka Asíu. Þátttaka í sambærilegum fjármálastofnunum hefur ekki snúist um ávöxtun enda hefur ekki verið hefð fyrir argreiðslum úr sambærilegum stofnunum. Telja má þó að samkvæmt stofnskránni muni eignarhlutur í bankanum ekki rýrna. Í tillögu til þingsályktunar kemur fram að á næstu mánuðum verði skorið úr um hvort stofnfjárlög teljist að fullu til opinberrar þróunaraðstoðar. Af þessu má ráða að þau markmið sem nefnd eru að ofan um þátttöku landsins á alþjóðavettvangi, ákveðin viðskiptasjónarmið og þróunarmarkmið, ráði þátttöku Íslands í Innviðafjárfestingarbanka Asíu frekar en bein fjárhagsleg sjónarmið um ávöxtun og samsvarandi áhættu.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri

Lilja Alfreðsdóttir  
aðstoðarframkvæmdastjóri